

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna gjafa og framlaga), þingskj. 329 - 293. mál.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna gjafa og framlaga).**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn umsögn um ofanefnt frumvarp.

Barnaheill fagna frumvarpinu og hvetja til þess að það verði samþykkt sem lög.

Samtökin hvetja þó til þess að skýrt verði hvort ákvæðið eigi við um Almannaheillafélög, sbr. frumvarp sem nú liggur fyrir þingi, 181. mál. Frjáls félagasamtök sem vinna almennt að mannréttindum t.a.m. eru ekki talin upp sem líknarstarfsemi í reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Það er því þörf á að skýra hvort núgildandi ákvæði og frumvarp þetta, verði það að lögum, eigi við um Almannaheillafélög.

Barnaheill eru frjáls félagasamtök sem byggja rekstur sinn alfarið á frjálsum framlögum og styrkjum frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum. Það er Barnaheillum því mikilvægt að vita með óyggjandi hætti hver staða gefenda er varðandi skattfrádrátt vegna styrkja til samtakanna.

Samtökin hvetja jafnframt til þess að í tekjuskattslög verði sett heimild fyrir einstaklinga til að draga stuðning við viðurkennd almannaheillasamtök frá tekjuskattsstofni sínum. Fordæmi eru fyrir slíkum undanþágum frá tekjuskattslögum í öðrum löndum, sbr. umsögn Almannaheilla vegna samráðs um skattalegt umhverfi þriðja geirans: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1432&uid=cb0a8067-53cf-e911-9454-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1432&uid=cb0a8067-53cf-e911-9454-005056850474)

Barnaheill hafa að öðru leyti ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og telja það verða til hagsbóta fyrir börn á Íslandi með auknum möguleikum frjálsra félagasamtaka til að afla fjár til reksturs síns.